

Þetta tilkynnist hjermeð hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

66
4. maí

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjöld til fulltrúa stjórnarinnar á alþingi 1891. — Samkvæmt allraþegnlegustu tillögu ráðgjafans, hefur hans hátign konunginum þóknast, 30. f. m., allramildilegast að fallast á, að gjöldin til fulltrúa stjórnarinnar á hinni reglulegu samkomu alþingis 1891 skuli ákveðin 2000 kr.

67
4. maí

Þetta er eigi látið hjá liða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um endurgjald sveitarstyrks. — Með brjefi, dags. 26. f. m., sem hingað hefur borizt beina leið, hafa oddvitarnir í Garða- og Bessastaðahreppum í Gullbringusýslu áfrýjað til mín úrskurði yðar 13. f. m., en með þeim úrskurði var ákveðið, að sitja skyldi við úrskurð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. sept. f. á., sem gjörði hinum forna Álptaneshrepp, nú Garða- og Bessastaðahreppum, að skyldu, að greiða Vestur-Landeyjahreppi í Rangárvallasýslu kr. 486,10, er lagt hefur verið þar úr fátækra sjóði til framfærslu 2 börnum Markúsar Kristjáns Þorsteinssonar, af því að Markús þessi ætti framfærslurjett í hinum forna Álptaneshreppi.

68
4. maí

Skjöl málsins bera það með sjer, að sýslumennirnir í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Rangárvallasýslu hafa verið samdóma um, að þessi Markús Kristján Þorsteinsson ætti framfærslurjett í fæðingarhreppi sínum, hinum forna Álptaneshreppi, og þar af leiðandi bæri þeim hreppi að endurgjalda Vestur-Landeyjahreppi fátækra styrk veittan börnum hans tveim, að upphæð kr. 486,10. Með því nú að sýslumennirnir eru á einu máli um þetta, þá hlýtur þar við að sitja samkvæmt 3. gr. í reglugjörð 8. jan. 1834, sbr. landshöfðingjabrjef 15. desbr. 1885 (Stjórnartíð. 1885, B., bls. 149), eins og þjer, herra amtmaður, einnig hafði tekið fram í úrskurði yðar, sem að ofan er nefndur.

Jeg bið yður því, herra amtmaður, að tilkynna oddvitunum í Garða- og Bessastaðahreppum, að ofan nefnt erindi þeirra geti eigi orðið tekið til greina, og að leggja fyrir þá, að fullnægja tafarlaust ofan nefndum sýslumannsúrskurði, með því að greiða Vestur-Landeyjahreppi umræddar kr. 486,10.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík. — Með þóknanlegu brjefi, dags. í gær, hafði þjer, herra amtmaður og háeruverðugi herra, sent hingað bónarbrjef frá fróken Ólavíu Jóhannsdóttur, þar sem hún sækir um leyfi til að ganga undir fyrri hluta næstkomandi burtfararprófs, þannig, að hún verði að eins reynd í námsgreinum þeim, sem þar til eru taldar, náttúrusögu, landafræði, ensku, stærðfræði og latneskum stýl, en með því að hin heiðruðu stiptsyfirvöld hefur greint á um, hvort leyfi til prófsins, þannig lagaðs, geti veitst, hafði þjer skotið þessu máli undir úrskurð minn.

69
24. maí

69
24. maí. Í tilskipun um rjett kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykja-
vík o. s. frv. 4. des. 1886, 1. gr., er það skýlaust tekið fram, að konum sje heimilt
með sömu skilmálum og lærisveinum hins lærða skóla í Reykjavík að ganga undir árs-
próf 4. bekkjar, og verð jeg því að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að engin
heimild sje til að veita konu leyfi til að ganga undir próf þannig lagað, sem beiðand-
inn fer fram á.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birt-
ingar.

70
25. maí. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um sveit-
festi þurfaíngs. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 15. f. m., hafið þjer, herra amtmaður,
sent hingað skjöl snertandi sveitfesti Björns nokkurs Sigurðssonar á Hauksstöðum í Jök-
uldal, sem þjer með úrskurði yðar 12. des. f. á. ákváðuð sveitlægan í fæðingarhreppi
sínun, Tunguhreppi í Norðurmúlasýslu, en þessum úrskurði yðar hefur hreppsnefndin í
nefndum hreppi áfrýjað til mín.

Skjöl málsins bera það með sjer, að Björn þessi Sigurðsson hefur hvergi dvalið
núgu lengi, eptir að hann varð 16 ára, til þess að ávinna sjer sveit, nema ef vera skyldi
í Vallahreppi í Suðurmúlasýslu, en þar dvaldi hann frá 1850—1862, en á þessum 12
ára tíma fór hann tvisvar sinnum, svo að ár voru á milli, úr hreppnum, sem vistráðið
hjú, þó svo, að dvöl hans varð ekki nema vika á öðrum staðnum og nokkrar vikur á
hinum, en í bæði skiptin hvarflaði hann aptur til Vallahrepps. Það verður nú eigi
öðruvísi álitíð, en að þessar brottfarir hans úr Vallahreppi, þó stuttar yrðu, hafi verið
regluleg vistferli, enda styrkist líka þessi skoðun við þann vitnisburð tveggja manna, er
því voru kunnugastir, og sem gefinn er undir eiðstilboð, að Birni hafi verið gefin upp
vistarráðin og að hann eptir samkomulagi hafi fengið leyfi til að hverfa aptur til Valla-
hrepps. Jeg verð því að vera yður samdóma um, að Björn Sigurðsson hafi hvergi unn-
ið sjer sveit með lögboðinni 10 ára dvöl, og að hann því eigi framfærslurjett í fæðing-
arhreppi sínum Tunguhreppi í Norðurmúlasýslu.

Samkvæmt framansögðu staðfestist því hjermeð oafngreindur úrskurður yðar.
Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

EMBÆTTASKIPUN.

20. maí var skrifstofustjóri í hinu íslenska ráðaneyti í Kaupmannahöfn, Anders Dybdal,
skipaður af konungi stjórnardeildarforstjóri í sama ráðaneyti, og jafnframt var assistent í ráðaneytinu,
cand. jur. Ólafur Halldórsson, skipaður af konungi skrifstofustjóri samastaðar.

24. s. m. var Miklabæjar prestakall í Skagafjarðar prófastsdæmi veitt af landshöfðingja sjera
Birni Jónssyni á Bergstöðum samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaðar.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

er veitt verða með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá í tekjum þeirra
er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Reykjavík (Reykjavíkursókn) í Kjalarness prófastsdæmi. Brauðið er metið 3758 kr. 79 a.
Auglýst 4. maí 1889. Brauðið liggur undir veitingu konungs.

Bergstaðir í Húnavatns prófastsdæmi (Bergstaða- og Bólstaðahlíðar-sóknir). Á brauðinu
hvilir lán frá 1883, upphaflega 800 kr., er afborgast á 16 árum. Brauðið er metið 1075 kr. 43 a. Aug-
lýst 27. maí 1887.